

Reykjavík í myndlist

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Einn af þeim myndlistarviðburðum á Listahátíð 1986, sem menn biðu eftir með hvað mestri eftirvæntingu, var sýningin „Reykjavík í myndlist“.

Aðdragandi hennar mun sá, að stjórn Kjarvalsstaða bauð í ársbyrjun öllum starfandi myndlistarmönnum í Reykjavík að taka þátt í sýningu, sem haldin yrði á Listahátíð í tilefni 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar.

Hugmyndin er ágæt og góðra gjalda verð, en eitthvað virðast myndlistarmenn hafa misskilið stefnumörk sýningarinnar, því að einungis 53 einstaklingar sendu inn hátt í 200 myndir og hér vantar

marga þekktustu myndlistarmenn höfuðborgarinnar.

Það væri mjög nærri lagi að álykta, að myndlistarmenn hafi misskilið boðið og haldið, að hér væri eins konar áttahagsýning í uppsiglingu. Ýmsir hafa t.d. sagt við undirritaðan, að þeir hefðu tvímælalaust sent inn myndir, ef sýningin hefði verið auglýst undir skýrari formerkjum. Í ljós kemur, að sennilega hafa þessar vangaveltur verið óþarfar, því að ýmsir, sem fá inn myndir á sýninguna, taka einfaldlega þátt í framkvæmdinni sem reykviskir myndlistarmenn en hafa ef til vill breytt nöfnum á myndum til heiðurs borg og byggð. En þá kemur upp úr kafinu, að sýningargestir margir hverjir skilja sýninguna á svipaðan hátt og þeir, sem halda að sér hönd-




„Austurstræti“ 1980 — eftir Gunnar Karlsson.


um um þátttöku og kemur spánskt fyrir sjónir að sjá myndir, sem ekki tengjast beinlínis útlínum höfuðborgarinnar. Má jafnvel sjá fólk brosa og horfa í forundran á annars konar myndir, t.d. þær hugmyndafræðilegu.

Þá hefur hin sérstaka hljóðan boðsins og orðið til þess, að einn og einn myndlistarmaður hefur fundið hjá sér hvót til að bæta Reykjavík eða höfuðborgarsvæðinu við í myndefnival sitt, þótt slíkt hafi ekki verið áður á takteinunum hjá viðkomandi. Er ekki nema allt gott um það að segja, því að hverjum og einum er hollt að líta sér nær.

En dregið saman í hnotskurn þá tel ég, að farsælast hefði verið að stíla boðið einfaldlega á reykviska myndlistarmenn, og hefðu menn vilj- að ákveðið þema, að setja það skýrt og skorinort fram. Í hinu gefna formi ber öll sýningin þess merki, að hér hafi menn ekki verið með báða fætur á jörðinni, því að í heild virkar þetta



„Í tilefni dagsins“ 1986 eftir Örylg Sigurðsson.



„Nótt í borg“ 1986 eftir Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur.

sem hálf tætingsleg framkvæmd, þótt ekki skuli dregið í efa, að sýningarnefnd hafi rækt sitt hlutverk eftir bestu getu. En hér var getan, svo sem jafnan, takmörkuð við innsend verk. Sem fyrr segir þá eru hinir þekktari myndlistarmenn í minnihluta á sýningunni, en þeir, sem á annað borð eru með, svo sem Ágúst Petersen, Jóhannes Geir, Einar Hákonarson og Örylgur Sigurðsson staðfesta þessi styrk. Jóhannes Geir á mjög magnaðar myndir og Örylgur sér um húmorinn að vanda. Hinir kunnari nýlistamenn eru þeir Gylfi Gíslason, Daði Guðbjörnsson, Guðbergur Auðunsson, Hallgrímur Helgason, Jóhanna Kristín Yngvadóttir, Sigrún Eldjárn, Sigurður Þórir Sigurðsson og Þorlákur Kristinsson og Margrét Jónsdóttir. Þetta fólk stendur allt fyrir sínu og kemur lítið á óvart. Svo má nefna ýmis þekkt nöfn, sem eru bæði fyrir utan og innan, ef svo má að orði komast, svo sem Jörundur Pálsson, Tryggva Arnason, Katrín H. Ágústsdóttir, Kristínu Þorkelsdóttur og Árna Elfar. Af framsæknu ungu fólk sem þegar hefur vakið athygli, má nefna Erlu B. Axelsdóttur, Guðrún Kristjánsdóttur og Gunnar Karlsson. Af nær óþekktum stærðum á sýningavettvangi nefni ég Einar Garibaldi Einarsson, Elinu Magnúsdóttur, Ingvaldi Gísladóttur, Jón Ágústsson, Ómar Svavarsson, Rúnu Gísladóttur, Sigrúnu Gísladóttur og Örn Þór.

Aðeins einn hinna þekktari myndhöggvara okkar er með á sýningunni, eða Helgi Gíslason, en tveir naivistar þrýða sýninguna í orðsins fyllstu merkingu, þeir Eggert Magnússon og Sæmundur Valdimarsson.

Jóhönnu Kristínar Yngvadóttur og baksvið þeirra minnir miklu fremur á öldurhúsastemningu í Kristianíu (Oslo), eða Berlín, fyrir réttir öld en hér í borg. En þetta eru tilfinningar- ríkar og vel málaðar myndir...

Þeir sækja stíft í raunsæið jafnaldramir Gunnar Karlsson og Hallgrímur Helgason, og einkum kemst Gunnar vel frá sínu, þótt málverk hans af Austurstræti sé full óþægilegt fyrir augað og tæknin virki frekar sem íprótt og fingrafimi en sláandi myndræn opinber. Það er sterkur surrealistískur svipur yfir myndum Hallgríms, en sem maður kannast þó fullvel við.

Myndaröð Gylfa Gíslasonar „Yfir, undir og allt um kring“ (Jörð, vatn, loft, eldur) er mjög virðingaverð tilraun á hugmyndafræðilegum grundvelli, sem verður hálf vand- ræðaleg, er að loftinu kemur. Guðrún Kristjánsdóttir vekur athygli fyrir skemmtilegar formrænar hugleiðingar, sem hún nefnir „Gangstéttarlíf“. Þá eru myndir Erlu B. Axelsdóttur hressilega málaðar og það er stemning í mynd Einars Garibaldi.

Að öðru leyti hreyfa fáir við mætti, en naivistarnir tveir, þeir Eggert og Sæmundur, ylja þanni um hjartarætur, og kannski er það þessi fólkskvalaúsa sköpunargleði og opinskáa tilfinning, sem maður saknar mest í verkum meirihluta sýnenda. Öll mikil list byggist einnig á því að viðhalda barninu í sér lífið í gegn. „Æskan er dásamleg — synd að eyða henni í unga fólk“ er fleyst setning, sem segir okkur svo mikið.

Einnig mætti segja: Lýðræðið er dásamlegt, synd að leggja það í hendur atvinnustjórnmalámana. Sýning sem þannig er stofnað til, getur aldrei orðið annað en misskilið lýðræði — og árangur eftir því.



Hringið og við sendum myndalista um hæð.

Athugið barnahúsgögnin okkar þar sem fara saman hagstæð verð og góð greiðslukjör. Salix húsgögnin fást í beyki, hvítu, rauðu og bláu.

GÓÐ KJÖR

Á VIÐJU BARNAHÚSGÖGNUM
20% ÚTBORGUN
12 MÁNAÐA GREIÐSLUKJÖR



Húsgögnin sem vaxa með barninu.



Barnið á aðeins það besta skilið — Salix.

HÚSGAGNAVERSLUNIN

VIÐJA

Smíðjuvegi 2 Kópavogi
sími 44444

Þar sem
góðu kaupin
gerast

